

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 115/2018****2020/EES/71/13****frá 31. maí 2018****um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/837 frá 17. maí 2017 um leiðréttingu á pólsku og sænsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66he (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1998) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 R 0837**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/837 frá 17. maí 2017 (Stjtið. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 3).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/837, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 3.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.